

STJÓRNARTÍÐINDI B 86 – 1997

16. október 1997

1317

Nr. 586

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 485/1995 um tekjutryggingu.

1. gr.

6. gr. orðast svo:

Allar skattskyldar tekjur skal taka til viðmiðunar við ákvörðun tekjutryggingar, að frádregnum bótum almannatrygginga og félagslegri aðstoð sveitarfélaga.

Við ákvörðun tekjugrundvallar skulu fjármagnstekjur metnar að 50 hundraðshlutum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 66. sbr. 17. og 18. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, öðlast gildi 1. nóvember 1997.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 16. október 1997.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

13. október 1997

Nr. 587

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 372 25. október 1976 um vöruhappdrætti
Sambands íslenskra berklasjúklinga, sbr. reglugerð nr. 502/1984.**

1. gr.

Í stað „12. janúar“ í 9. gr. komi: 14. janúar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 18 22. apríl 1959 um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berklasjúklinga, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 502/1984.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 13. október 1997.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

B 92

Gutenberg